



Umhyggja

Fagmennska

Öryggi

Framþróun

Landspítali

2010



Breytingar



Árið 2010 var mjög sérstakt fyrir Landspítala. Erfiðar ytri aðstæður og þröngur fjárhagur markaði starf okkar allt árið. Við þurftum í byrjun árs að draga saman um 3.400 milljónir. Þetta markmið okkar náðist með því að breyta spítalanum en þó ekki breyta þjónustunni meira en svo að umhverfið upplifði okkur sem eitt af betri þjónustufyrirtækjum ársins samkvæmt mælingu Samtaka verslunar og þjónustu. Allt þetta hefur tekist með ótrúlegu framlagi starfsfólks spítalans.

Stefna okkar og markmið eru skýr. Allir leggja meira á sig en venjulega við erfiðar aðstæður. Til að við getum í senn haldið áfram að ná góðum árangri í rekstri og viðhalda ákveðnu þjónustustigi þurfum við að breyta því hvernig ýmis verk eru

unnin á spítalanum. Segja má að a.m.k. tvennt stórvægilegt geri nú þegar þá kröfu til okkar að við höldum áfram skynsamlegum breytingum á starfseminni. Annars vegar er það hin löngu tímabæra tilkoma nýja spítalans en við munum þurfa að laga störf okkar að honum með góðum fyrirvara áður en flutt verður inn. Hins vegar sá raunveruleiki sem blasir við öllu heilbrigðiskerfinu að þurfa að skila samfélaginu meira heilbrigði fyrir minni eða í besta falli sömu fjárhæð. Að auki er okkur, eins og venjulega, ætlað að glíma stöðugt við breytingar sem ný þekking og þróun heilbrigðisvísinda færir okkur til þess að geta betur þjónað sjúklingunum. Sú glíma þykir okkur flestum mjög áhugaverð því hún gefur störfunum sérstakt gildi og knýr á um samvinnu milli stétta og starfsgreina.

Sú nýsköpun sem okkur er ætlað að stunda á spítalanum, og er nauðsynleg til framþróunar á þjónustunni, byggist m.a. á því að fólk með nýja þekkingu kjósi að starfa hjá okkur. Við þurfum því að huga sérstaklega að því hvers konar starfsumhverfi hægt

er að móta til að laða að spítalanum öfluga starfsmenn með nýjustu þekkingu og getu til góðra verka. Nýsköpun og bætt þjónusta byggir einnig á tækni og því að tæki séu nýleg og í stöðugri þróun. Hins vegar vantar sárlega fé til þess að viðhalda tækjabúnaði spítalans svo ekki sé talað um að auka hann. Við verðum hvað tæki varðar, húsbúnað og annað að vera samkeppnisfær við það sem best er boðið annars staðar. Fólkið okkar sem fer til útlanda til þess að sækja sérþekkingu og reynslu í heilbrigðisvísindum verður að eiga þess kost að snúa heim aftur og láta gott af sér leiða með verkum sínum og færni. Í þessum efnum loga nú á okkur viðvörunarljós.

Það hefur verið tekið eftir því að vel hefur tekist til á Landspítala að mæta því mikla fjármálaáfalli sem þjóðin varð fyrir og þar með spítalinn í formi gifurlegs niðurskurðar. Eins og ég nefndi hefur framlag starfsmanna skipt sköpum í þeirri baráttu en við gleymum heldur ekki öllum hinum sem hafa hjálpað okkur við að mæta niðurskurðinum, öllum sem hugsa hlýtt til spítalans og styðja hann í orði og verki. Okkur telst til að verðmæti gjafa til Landspítala á síðasta ári hafi numið um 300 milljónum króna. Mörg félög, samtök eða einstaklingar hafa nánast tekið einstakar deildir eða tegund starfsemi upp á sína arma og stutt af myndarskap til góðra verka og betri aðstæðna. Stór hluti endurnýjunar á tækjabúnaði spítalans er núna með þessum hætti enda duga opinberi framlög til slíks skammt. Þetta er ómetanlegt og áframhaldandi stuðningur er okkur styrkur til að halda áfram að gera vel.

Við ætlum að verða tilbúin að takast á við nýjar áskoranir þegar við flytjum í nýtt húsnæði og reka þá spítalann fyrir minna fé en áður. En þangað til og líka þar eftir verður alltaf helsta áskorunin sú hin sama, að tryggja öryggi sjúklinga og góða þjónustu. Það ætlum við gera og vera trú gildum Landspítala um umhyggju, fagmennsku, öryggi og framþróun.

Í maí 2011.


Björn Zoega forstjóri

Árangursvísar	2010	Markmið 2011
Rekstur innan fjárheimilda fjárhæðir í milljónum króna		
Rekstrarafkoma, tekjuafgangur	71	0
Launagjöld, miðað við áætlun	97	0
Önnur rekstrargjöld, miðað við áætlun	-123	0
lyfjakostnaður	-7	0
sérgreind vörukaup	-101	0
Sértekjur, miðað við áætlun	282	0
Fjöldi DRG eininga	47.623	48.000
Öryggi sjúklinga		
Spítalasykingar	7,7%	<5%
Biðlistar, fjöldi sjúklinga sem biður lengur en 3 mánuði eftir innlögn (í árslok)	1.356	1.220
Bráðar endurinnlagnir innan 30 daga frá útskrift	12%	11%
Hlutfall starfseininga með virka atvikaskráningu (í árslok)	85%	100%
Prýstingssár	-	Í vinnslu
Skilvirkir verkferlar		
Komur og vitjanir, daglegur meðalfjöldi á dag- og göngudeildir	1.411	1.552
Hlutfall innlagðra sjúklinga af bráðadeild sem leggjast inn á legudeild innan 4 klst.	23%	24%
Meðallegutími (án útlaga)	6,7	<6,5
Hlutfall legusjúklinga sem útskrifast fyrir kl. 12:00	27%	30%
Hlutfall starfseininga sem hafa þróað a.m.k. 2 árangursvísa	Nýtt	100%
Ánægja sjúklinga	-	Í vinnslu
Góður vinnustaður		
Fjarvistir vegna veikinda starfsmanna með og án launa	6,5%	<6,5%
Starfsmannavelta	12%	8%
Starfsánægja starfsmanna mælikvarði þar sem 5 er besta möguleg útkoma	4,0	4,3
Virkar upplýsingaleiðir innan LSH mælikvarði þar sem 5 er besta möguleg útkoma	3,3	3,7
Ánægja nemenda í starfsnámi mælikvarði þar sem 5 er besta möguleg útkoma	4,3	>4,0
Fjöldi birtra greina í ritrýndum tímaritum	298	298
Vísindastyrkir aflað utan LSH í milljónum króna	207	228
Fjöldi nemenda í meistara- og doktorsnámi	276	290
Fjöldi nemenda alls	1.100	1.100


Nýr Landspítali



Nýr Landspítali ohf., sem Alþingi stofnaði til með lögum vorið 2010, stendur að undirbúningi og útboði á byggingu nýs háskólasjúkrahúss við Hringbraut í samstarfi við stjórnendur og starfsmenn Landspítala og Háskóla Íslands. Gert er ráð fyrir að ríkið taki húsnæðið til langtímaleigu að byggingarframkvæmdum loknum og eignist það á leigutímanum.

SPITAL hönnunarhópurinn varð hlutskarpastur í hönnunarsamkeppni um nýjan Landspítala sumarið 2010. Dómnefndin lýsti hugmyndinni sem sterkri og höfundar náði vel því markmiði sínu að skapa „...bæjarsamfélag sem myndar ramma um þverfaglegt samstarf ólíkra greina.“ Hátt í 100 starfsmenn Landspítala hafa síðan unnið að verkefninu í notendahópum, verkefnisstjórn, byggingarnefnd og fleiru, auk um 60 hönnuða frá SPITAL.

Stefnt er að því að deiliskipulagsferli vegna lóðar nýs Landspítala verði lokið haustið 2011. Verði ekki töf á því og Alþingi samþykki lokaáætlanir um fjármögnum og kostnað fylgir í kjölfarið útboð vegna undirbúningsframkvæmda og jarðvinnu við sjúkrahótel og bráðakjarna og síðan útboð vegna byggingar sjúkrahótel og bílastæðahúss. Framkvæmdir gætu þannig hafist haustið 2011.



Framtíðarsýn Nýs Landspítala er í meginráttum

- að sjúklingurinn sé í öndvegi
- að reksturinn sé hagkvæmur
- að háskólastarf og þjónusta við sjúklinga fari vel saman
- að vera eftirsóknarverður vinnustaður
- að auðga borgarmyndina



Á notendafundi um skurðstofur á nýjum spítala

Lykiltölur LSH			
	2010	2009	Breyting milli ára
Klínísk þjónusta			
Fjöldi einstaklinga sem leituðu til LSH ¹⁾	103.384	104.675	-1,2%
Komur á dag- og göngudeildir og sjúkrahústengdar vitjanir	352.842	355.041	-0,6%
Fjöldi koma á allar bráðamóttökur	91.482	94.458	-3,2%
Meðalfjöldi innliggjandi sjúklinga	555	581	-4,4%
Legur talið eftir sérgreinum	27.146	28.596	-5,1%
Legudagar talið eftir sérgreinum	202.605	211.917	-4,4%
Meðallengd sjúkrahúsleгу ²⁾ legur < 6 mán.	6,7	6,9	-2,9%
Skurðaðgerðir	13.698	13.959	-1,9%
Fæðingar	3.420	3.500	-2,3%
Rannsóknir á rannsóknarsviði	1.737.740	2.086.269	-16,7%
Starfsmenn			
Stöðugildi starfsmanna ³⁾	3.648	3.899	-6,4%
Fjöldi starfsmanna í upphafi árs	4.752	5.219	-8,9%
Veikindahlutfall ⁴⁾ stöðugildi	6,5%	6,5%	0,0%
Rekstrartölur ⁵⁾ uppreiknaðar á verðlag ársins 2010			
Rekstrargjöld	35.298.701	39.031.459	-9,6%
Launagjöld	25.494.474	27.199.779	-6,3%
Lyfjakostnaður	1.350.321	1.560.317	-13,5%


1) Þetta eru einstaklingar sem margir hverjir komu oft á spítalann en hver einstaklingur er hér einungis talinn einu sinni. 2) Hér er fyrir bæði árin birtur raun meðallegutími þeirra sjúklinga sem hafa útskrifast frá áramótum, talið frá innskriftardegi til útskriftardags, en með tilkomu vöruhúss gagna eru þessi gögn nú aðgengileg. 3) Stöðugildi starfsmanna án barnsburðarleyfa, foreldraorlofs og launalausra leyfa. 4) Hlutfall veikinda af heildarfjölda greiddra stöðugilda. Öll veikindi starfsmanna, með eða án launa, en kauplaus veikindi voru 0,4% bæði árin. 5) Krónutölur ársins 2009 eru uppreiknaðar á verðlag ársins 2010 til samanburðar milli ára. Krónutölur eru í þúsundum og án fjármagnsliða.

Dagur á Landspítala


- Á dag- og göngudeildir koma 1.375 sjúklingar
- Farið í 36 sjúkrahústengdar heimavítjanir
- Á legudeildum liggja 555 sjúklingar
- Gerð 4.761 rannsókn á rannsóknarsviði
- Sjúkra- og iðjubjálfar veita 497 meðferðir
- Á slysa- og bráðamóttökur kemur 251 sjúklingur
- 74 einstaklingar leggjast inn á legudeild
- Félagsráðgjafar veita 76 viðtöl og meðferðir
- 54 sjúklingar fara í skurðaðgerð
- 68 sjúklingar svæfðir eða deyfðir af svæfingarlæknum og svæfingarhjúkrunarfræðingum
- Á bráðamóttöku Barnaspítala Hringins kemur 31 barn

- Á göngudeildir og bráðamóttöku geðsviðs kemur 141 sjúklingur
- 27 sjúklingar koma í blóðskilun
- Fæðast 10 börn
- Á hjartaþræðingarstofum eru 7 hjartaþræðingar
- Á gjörgæslu eru 11 sjúklingar
- Til Blóðbankans koma 4 nýir blóðgjafar
- Í vinnu eru 2.200 starfsmenn
- Þjónustuborð heilbrigðis- og upplýsingatæknideildar svarar 220 fyrirspurnum
- Símapjónusta spítalans svarar 2.150 símhringingum
- Fellur til 3,1 tonn af sorpi


Starfsmönnum og störfum hefur fækkað




Rekstrarkostnaður hefur lækkað




Meðallegutími sjúklinga styttest ár frá ári




Litlar sveiflur eru í komum á bráðamóttökur




Fæðingum hefur fjölgað á 5 ára tímabili




Komum á göngudeildir hefur fjölgað á 5 ára tímabili



Dagdeildaraðgerðum fjölgar



Starfsánægja starfsmanna hefur aukist á 5 ára tímabili





Tvær stærstu bráðadeildir Landspítala sameinuðust í eina bráðamóttöku í Fossvogi 8. apríl. Unnið var að sameiningunni og jafnframt að opnun Hjartagáttar við Hringbraut í fjölmennu hópastarfi. Húsnæðinu í Fossvogi var breytt verulega, meðal annars byggð ný móttaka, og teknir upp nýir vinnuferlar með breyttri flokkun sjúklinga. Bráðamóttakan skiptist í bráðadeild á G2 og bráða- og göngudeild á G3. Á bráða- og göngudeild er tekið á móti sjúklingum sem eru minna veikir eða með minni háttar áverka eftir slys en á bráðadeildinni er móttaka, greining, meðferð og útskrift þeirra sem eru slasaðir og meira veikir.

I framhaldi af sameiningu á bráðamóttökum var Hjartagátt Landspítala opnuð við Hringbraut þann 15. apríl í húsnæði gömlu bráðamóttökunnar á 10D og aðliggjandi húsnæði á 10W. Á Hjartagátt er veitt öll almenn bráðabjónusta fyrir hjartasjúklinga í nánnum tengslum við aðra lykilstarfsemi hjartalækninga. Þar er dag- og göngudeildarbjónusta auk bráðabjónustu fyrir hjartasjúklinga á virkum dögum en um helgar er bráðabjónusta á bráðamóttökunni í Fossvogi.

Arið 2010 tókst að snúa rekstri Landspítala frá halla og vanskilum yfir í jafnvægi. Starfsmenn Landspítala settu fram um 3.400 sparnaðartillögur og 800 hugmyndir fyrir stefnumótun á 62 fundum um sparnað og stefnumótun. Árin 2009 og 2010 var skorið niður á LSH um 6,6 milljarða króna og starfsmenn voru 667 færri í janúar 2011 en í janúar 2009. Samkvæmt stefnu- og starfsáætlun 2010 er öryggi sjúklinga á ábyrgð allra starfsmanna og hið sama gildir um fjármál, kostnaðarstýringu og starfsanda. Skilvirkir verkferlar eru sömuleiðis verkefni allra starfsmanna.

Miðstöð lyfjaupplýsinga var opnuð 18. febrúar. Hún er afrakstur gæðaverkefnis sem hófst 2007 og naut stuðnings heilbrigðisráðuneytisins auk fleiri. Markmiðið er að efla öryggi og gæði ráðgjafar lyfjafræðinga og stuðla þannig að öruggri lyfjanotkun á Landspítala.

Miðstöð um sjúkraskrárritun á Landspítala var opnuð formlega 17. maí í húsnæði Landspítala í Kópavogi. Hún varð til við endurskipulagningu á starfsemi lækna- og sjúkraskrárritara. Þar starfa um 50 lækna- og sjúkraskrárritara sem voru áður víða á deildum Landspítala. Með því að sameina sem flesta lækna- og sjúkraskrárritara á einum stað er leitast við að auka skilvirkni, gæði og öryggi við ritun sjúkraskrárra, hagræða og samræma verklag.

Björn Zoëga var skipaður forstjóri Landspítala frá 1. október 2010. Hann tók við forstjórastarfinu af Huldu Gunnlaugsdóttur sem var ráðin forstjóri Akershus háskólasjúkrahússins fyrir utan Osló. Björn gegndi forstjórastarfinu í fjarveru Huldu í rúmt ár en hann var áður framkvæmdastjóri lækninga á Landspítala. Í árslok lét Anna Lilja Gunnarsdóttir af starfi framkvæmdastjóra fjármálasviðs þegar hún varð ráðuneytisstjóri velferðarráðuneytisins. Við starfi hennar tók tímabundið María Heimisdóttir, yfirlæknir hag- og upplýsingadeildar.

Dauðhreinsunardeildir Landspítala sameinuðust að Tunguhálsi 2 en þær voru áður í Fossvogi og við Hringbraut. Með sameiningunni næst fram hagræðing og aukin fagleg gæði. Dauðhreinsunardeildin þjónar mörgum deildum spítalans og selur þjónustu til heilsugæslustöðva og sjálfstætt starfandi lækna- og heilbrigðisstofa. Starfsemin felur meðal annars í sér dauðhreinsun á áhöldum og líni sem notað er við skurðaðgerðir svo og framleiðslu einnota dauðhreinsaðrar vöru.

Fjöldi fólks kom við á sýningarbásum Landspítala á Vísindavöku Rannís 2010 í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu þann 24. september. Vísindavakan fer fram í flestum borgum Evrópu á sama tíma og er markmiðið að færa vísindin nær almenningi og gefa fólki kost á að spjalla við fræðimenn um rannsóknir þeirra og viðfangsefni. Landspítali kynnti margar áhugaverðar rannsóknir og vísindastarfsemi á spítalanum og tók þátt í vísindakaffi á Súfistanum í Máli og menningu við Laugaveg dagana áður.

Félag heyrnarlausra veitti saumastofu Landspítala farandgripinn Múrbrjót sem viðurkenningu fyrir að skara fram úr í viðhorfi og góðu viðmóti við heyrnarlausa en saumastofan hefur notið starfskrafta heyrnarlauss einstaklings.

A vísindadagskrá Vísinda á vordögum 4. maí, árlegri uppskeruhátíð vísindastarfs á Landspítala, var Þórarinn Gíslason, yfirlæknir lungnalækninga, útnefndur heiðursvísindamaður Landspítala 2010. Ungur vísindamaður ársins 2010 var valin Berglind Guðmundsdóttir sálfræðingur.



Premur rannsóknarhópum voru veittir hvatningarstyrkir úr Vísindasjóði LSH 1. desember, þrjár milljónir hverjum þeirra. Árangur vísindastarfs á spítalanum er mjög góður í alþjóðlegum samanburði og áhersla lögð á að efla það enn frekar. Þetta er í fyrsta skipti sem slíkir styrkir eru veittir og markmiðið að styrkja rannsóknir sterka rannsóknarhópa á Landspítala sem þegar hafa öðlast alþjóðlega viðurkenningu, meðal annars með birtingu vísindagreina í alþjóðlegum vísindaritum og öflun stórra styrkja. Styrkirnir voru veittir vegna rannsókna á súrefnisbúskap í aldursbundinni hrörnun í augnbotnum, genaleit í ættlægu brjóstakrabbameini með háhraða raðgreiningu og vegna Evrópukönnunar um lungu og heilsu.

Gjörgæsludeildin í Fossvogi varð 40 ára 24. október. Haldið var upp á það með veglegu afmælishófi þar sem deildinni voru færðar góðar gjafir. Á gjörgæsludeildinni við Hringbraut var fagnað endurnýjun allra vaktara með 30 milljóna króna gjöf SPRON-sjóðsins. Auk þess var langþráð viðbótarbygging gjörgæsludeildarinnar þar tekin í notkun snemma ársins en við það stækkaði húsnæðið úr 250 í um 350 fermetra og legurýmum fjölgaði úr 9 í 11.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, opnaði 15. júní sýninguna Landspítali í 80 ár. Með henni var þess minnst að þann 20. desember voru liðin 80 ár síðan fyrsti sjúklingurinn var lagður inn á spítalann. Við opnunina var afhjúpuð mynd af Vígðisi Magnúsdóttur, fyrrverandi hjúkrunarforstjóra og forstjóra spítalans. Tímamót voru líka á Vífilsstöðum en þar var 4. og 5. september minnst 100 ára afmælis spítalans með mjög fjölmennu hátíðarhaldi og sögusýningu.

Landspítali gerði tímamótasamning um þjónustu við sjúklinga frá Færeyjum. Þetta er fyrsti samningurinn við annað land um alhliða sjúkráhusþjónustu á Íslandi. Sjúklingum sem Færeyingar þurfa að senda til annarra landa er nú vísað til Landspítala til jafns við önnur norræn háskólasjúkrahús en til þessa hafa sjúklingar í Færeyjum aðallega verið sendir til Danmerkur og Svíþjóðar.

Húsnæði legudeilda á barna- og unglingageðdeild Landspítala var tekið í notkun 11. nóvember eftir gagngerar endurbætur. Með því batnaði mikið aðstaða fyrir börn, unglinga og fjölskyldur þeirra. Margir velunnarar styrktu BUGL dyggilega í þessu, eins og mörgu öðru í starfsemi.

Þjálfunaríbúðin Ásbúð var tekin í notkun á endurhæfingardeildinni á Grensási. Með henni rættist langþráður draumur um aðstöðu til að þjálfa fatlaða í því að hugsa um sjálfa sig heima eða prófa hjálparkæki fyrir útskrift. Íbúðin er afsprengi söfnunarinnar Á rás fyrir Grensás og fleiri styrktaraðila sem gáfu húsbúnað og tæki. Starfsemin á Grensási nýtur mikillar velvildar og stuðnings fólks og var sérstaklega þakkað fyrir það með opnu húsi 20. nóvember.

Nytt tölvusneiðmyndataeki kom í stað annars eldra við Hringbraut. Með því jukust möguleikar í greiningu hjarta- og æðasjúkdóma og fjölda annarra sjúkdóma. Þetta var viðamesta endurnýjun tækjabúnaðar á spítalanum árið 2010 en vegna fjárskorts er fjarri því hægt að skipta út tækjabúnaði á spítalanum eins og þyrfti.

Landspítali bauð út rekstur matsala starfsmanna og annast hann því ekki lengur. Ræstingar hafa á sama hátt í auknum mæli færst til einkafyrirtækja. Með útboðum er leitað við að hagræða í starfseminni eins og frekast er unnt en tryggja um leið áfram góða og örugga þjónustu á öllum sviðum.


Innleiðing er hafin á RAFAELA™, finnsku sjúklingaflokkunarkerfi, á fjórum legudeildum. Áætlað er að innleiða kerfið á allar legudeildir á árunum 2011-2012, geðdeildir 2012 og dag- og göngudeildir 2013. Kerfið metur hjúkrunarþyngd sjúklinga og vinnuálag hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða. Upplýsingar úr kerfinu nýtast við mönnun í hjúkrun, fjárhagsáætlanagerð og stefnumótun.

Starfsmenn Landspítala láta sífellt meira til sín taka í líkamsrækt, íþróttum og margs konar útivist og félagsstarfi. Landspítalahláup, fjölskyldudagar, gönguferðir, golfmót og „hjólað í vinnuna“ eru allt reglulegir viðburðir og starfsmannafélagið sendi keppendur á Norrænu sjúkráhusleikana 2010.

Landspítali nýtur gjafmildi félaga, fyrirtækja og einstaklinga sem bjargar miklu við að bæta búnað og tæki af ýmsu tagi. Verðmæti gjafa til spítalans árið 2010 var um 300 milljónir króna. Þetta er spítalanum ómetanlegt. Á www.landspitali.is er nú hægt að styrkja spítalann beint eða einstök verkefni og kaupa minningarkort hinna ýmsu minningarsjóða.

2010

Skipurit Landspítala



Rekstur í jafnvægi

Frábær rekstrarárangur Landspítala á árinu 2010 byggist á fjölbættum hagræðingaraðgerðum er ráðist var í árin 2009 og 2010. Allir starfsmenn LSH komu að aðgerðunum með einhverjum hætti enda voru margar þeirra sprottnar úr hugmyndum sem fram komu á sérstökum sparnaðarfundum. Margt smátt gerir eitt stórt og öll hagræðing skiptir máli.

Nokkur dæmi um sparnaðarverkefni	2009				2010				2011
	jan-mar	apríl-júní	júlí-sept	okt-des	jan-mar	apríl-júní	júlí-sept	okt-des	jan-mar
Sparnaðarfundir forstjóra, 3.400 tillögur komu frá 1.800 starfsmönnum									
Einni legudeild skurðlækninga við Hringbraut (13D) breytt í dagdeild									
Einni legudeild skurðlækninga í Fossvogi (A5) breytt í dagdeild									
Einni legudeild endurhæfingar við Grensás (R3) breytt í dagdeild									
Einni legudeild á Kleppi lokað (deild 14)									
Tvær legudeildir á barnaspítala sameinaðar í eina									
Bráðamóttaka við Hringbraut sameinuð bráðadeild í Fossvogi									
Hjartagátt opnuð									
Hjartadeildir 14E og 14G sameinast									
Dregið úr starfsemi skurðstofa									
Læknaritun sérgreina sameinuð í eina miðstöð									
Sameining dauðhreinsunardeilda									
Veruleg takmörkun á yfirvinnu									
Umtalsverð takmörkun nýráðninga									
Takmarkaðar sumarráðningar									
Akstursgreiðslur til starfsmanna felldar niður									
Pappírnotkun og útprentun dregst verulega saman									
Rafragnsnotkun minnkar umtalsvert									
Sparað í innkaupum m.a. með fækkun vöruhegunda og útboðum									
Útboð mótuneyta									
Útboð á ræstingu									
Markvisst dregið úr símakostnaði starfsmanna									
Hagræðing í hugbúnaðarleyfum									
Ódýrari plastumbúðir um sýni og innleiddar rafrænar rannsóknarbeiðnir									